

2.9.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
57. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010

Áminning og missir löggildingar eða starfsleyfis

Í grein 2.9.3 í byggingarreglugerð segir:

„Ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykka um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi getur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun svipt hönnuð eða iðnmeistara löggildingu.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun getur svipt byggingarstjóra starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykka um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

Byggingarfulltrúi sem verður áskynja um brot hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara samkvæmt þessari grein skal tilkynna um það til Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Almenn

Í 2.9.3. gr. byggingarreglugerðar eru ákvæði um úrræði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) ef hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar brjóta af sér í starfi. Annars vegar er heimilt að veita þessum aðilum áminningu og í alvarlegri tilvikum getur komið til þess að þeir séu sviptir löggildingu eða starfsleyfi.

Til áminningar eða sviptingar getur komið ef hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari:

- Brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykka um skipulags- og byggingarmálefni.
- Vanrækir hlutverk sitt og skyldur.
- Sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

2 Áminning

Brjóti hönnuður, byggingarstjóri eða iðnmeistari af sér í starfi leiðir meðalhófsreglan það af sér að almennt er byrjað á því að veita honum áminningu. Almenn verður því sá sem sviptur er starfsleyfi eða löggildingu að hafa fengið áður áminningu. Til að brot geti leitt af sér sviptingu án undangenginnar áminningar þarf brotið að vera alvarlegt eða að viðkomandi hafi ítrekað brotið af sér.

Áminning hefur þann tvíþætta tilgang að veita formlega viðvörðun og gefa viðkomandi fagmanni færi á að bæta ráð sitt. Áhrif áminningar eru annars vegar þau að minna þarf til þess að réttlæta sviptingu löggildingar eða starfsleyfis en ella væri (brot þarf ekki að vera jafn alvarlegt) og hins vegar að afmarka samhengi milli tveggja eða fleiri brota. Síðarnefnda atriðið birtist í því að áminning ætti að öllu jöfnu að vera tímabundin auk þess sem krafa er gerð um að brotin verði hliðstæðar starfsskyldur. Þannig yrði hönnuður til dæmis ekki sviptur löggildingu, þótt hann gegni jafnframt starfi byggingarstjóra og verði uppvís að broti á þeim starfsskyldum sem tengjast því starfi.

Um áminningar gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, svo sem um andmælarétt. Einkum er mikilvægt að fullnægjandi gögn liggi fyrir og að málið sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin samanber 10. gr. stjórnarsýslulaga (rannsóknarreglan).

3 Svipting löggildingar eða starfsleyfis

Aðal- og sérupprættir sem afhentir eru byggingaryfirvöldum vegna byggingarleyfisumsóknar skulu vera gerðir af hönnuðum sem fengið hafa löggildingu HMS. Á sama hátt geta þeir iðnmeistarar einir borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa löggildingu HMS. Löggilding hefur ekki afmarkaðan gildistíma og hana þarf ekki að endurnýja. Brjótí hönnuður eða iðnmeistari hins vegar af sér í starfi getur HMS að tilteknum skilyrðum uppfylltum svipt þá löggildingunni.

Þeir sem taka að sér starf byggingarstjóra þurfa starfsleyfi HMS. Bæði hönnuðir og iðnmeistarar geta orðið byggingarstjórar. Skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis er að umsækjandi uppfylli viðeigandi hæfniskröfur 2.-4. mgr. 28. gr. laga um mannvirki (menntun og starfsreynsla), hafi sótt sérstakt námskeið sem HMS stendur fyrir og hafi gæðastjórnunarkerfi. Starfsleyfi byggingarstjóra er gefið út til tiltekins tíma, almennt til fimm ára í fyrsta sinn en til allt að tíu ára við endurnýjun.

HMS getur svipt byggingarstjóra starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef byggingarstjóri brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykka um skipulags- og byggingarmálefni, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða eða alvarlega óvarkárni í starfi.

Um sviptingar löggildingar og starfsleyfa gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, svo sem um andmælarétt. Mikilvægt er að fullnægjandi gögn liggi fyrir og að málið sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin samanber 10. gr. stjórnarsýslulaga (rannsóknarreglan). Ákvörðun þarf að rökstyðja og veita viðtakanda ákvörðunar leiðbeiningar um kærueimild.

4 Tilkynningar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Leyfisveitandi sem verður áskynja um brot hönnuðar, byggingarstjóra eða iðnmeistara skal tilkynna um það til HMS, sbr. 3. mgr. 2.9.3. gr. Nánar er fjallað um tilkynningaskyldu leyfisveitanda í 3.6.4. gr. og 3.7.6. gr. byggingarreglugerðar. Þar segir:

„3.6.4. gr.

Ófullnægjandi eða röng hönnunargögn.

Verði leyfisveitandi var við að hönnuður skilar ítrekað ófullnægjandi eða röngum hönnunargögnum ber honum að skrá málsatvik og feril málsins í gagnasafn HMS. Leyfisveitanda ber að tilkynna HMS formlega um slík brot með gögnum málsins að veittum andmælarétti hönnuðar. HMS skal tilkynna viðkomandi hönnuði um skráninguna og gefa honum færi á að gera athugasemdir.

HMS skal yfirfara öll málsatvik í kjölfar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. og getur eftir atvikum áminnt viðkomandi hönnuð eða svipt hann löggildingu í samræmi við ákvæði 57. gr. laga um mannvirki.“

„3.7.6. gr.

Vanræksla og önnur sambærileg háttsemi.

Komi við úttekt í ljós vanræksla byggingarstjóra og/ eða iðnmeistara eða háttsemi af þeirra hálfu sem fer í bága við ákvæði laga um mannvirki og reglugerð þessarar ber leyfisveitanda að skrá málsatvik og feril málsins í gagnasafn HMS. Leyfisveitanda ber að tilkynna HMS formlega um slík brot. Áður en tilkynning er send HMS ásamt gögnum málsins skal leyfisveitandi gefa viðkomandi byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að koma að sínum sjónarmiðum og athugasemdum.

HMS ber í kjölfar tilkynninga samkvæmt 1. mgr. að yfirfara öll málsatvik og getur eftir atvikum áminnt viðkomandi aðila eða svipt hann starfsleyfi eða löggildingu eftir því sem við á í samræmi við ákvæði 57. gr. laga um mannvirki.“

Samkvæmt framangreindu er gert ráð fyrir að leyfisveitandi gefi hlutaðeigandi kost á að koma sínum sjónarmiðum og athugasemdum að áður en málið er sent HMS. HMS fer síðan sjálfstætt yfir málið, aflar eftir atvikum frekari gagna og gefur hlutaðeigandi hönnuði, byggingarstjóra eða iðnmeistara kost á að koma að sínum sjónarmiðum og athugasemdum áður en ákvörðun er tekin í málinu.

HMS lýkur máli, sem hefst með tilkynningu leyfisveitanda, með formlegum hætti. Sé niðurstaðan sú að ekki sé tilefni til viðbragða, m.a. þar sem ekki hafi verið um brot að ræða að mati stofnunarinnar, brot teljist ekki það alvarlegt að það varði áminningu eða sviptingu eða að meint brot teljist ekki nægjanlega leitt í ljós, skal viðkomandi byggingarfulltrúi upplýstur um þær málalýktir.

Áminning er færð í gagnasafn HMS ásamt ákvörðun um sviptingu löggildingar eða starfsleyfis.

Tilvísanir

- Byggingarreglugerð, nr. 112/2012 með síðari breytingum
- Lög um mannvirki, nr. 160/2010 með síðari breytingum
- Stjórnsýslulög, nr. 37/1993 með síðari breytingum

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	15.5.2014
1.1	Letur stækkað	4.6.2018
1.2	MVS breytt í HMS og tilvísun fjarlægð	4.2.2020
1.3	Yfirlit yfir breytingar	15.12.2020